

## Hjarta heiðingjans.

Smásaga eftir Cy. Warman.

Það var kaldur vetrarmorgun og Wasach-fjöllin voru hjúp-  
uð í drifhvítri fannblæju, frá efstu tindum og ofan í rætur; vinna  
erviðismannsins var þrotin í vesturlandinu þangað til fioſt *cg*  
snjóar hyrfi. Þess vegna voru þeir þrír félagarnir, Johnson,  
Botts og Bannihan, staddir í Saltvatnsstaðnum mikla, í Utah.  
þennan morgun. Mánaðar kaupið sitt höfðu þeir að vísu lítt  
skert í vasanum, en það var svo lítið, að það gat naumast enzt  
þeim til viðurværис nema örstuttan tíma.

„Hvað eignum við að gjöra, til þess að komast af þangð til  
í vor?“ spurði Botts, og Bannihan gaf frá sér að svára þeirri  
spurningu. Það virtust einungis vera tveir staðir til, þar sem  
þessir þremenningar gætu hallað höfði sínu að um veturinn;  
annar þeirra var þursamannahælið, en hinn var hegningarárhúsið  
og hvorugur þeirra þótti góður.

Meðan þessir tveir félagar sátu barna í morgun-skímunni  
og hugsuðu um framtíð sína, kom Johnson inn til þeirra, og  
þeir lögðu fyrir hann þessa sömu, torveldu spurningu.

„Þegar þið eruð með Mormónum, þá eigið þið að hafa það  
eins og Mormónarnir og gifta ykkur“, sagði Johnson. „Eg ætla  
að tvöfaldast í Tjaldbúðinni á hánóni á Laugardaginn kemur“  
bætti hann við. „Laugardagur er Sunnudagur í okkar kyrkju.“

„Þá vil eg heldur vinna úti á járnbraut,“ sagði Botts.  
Bannihan sló höndunum á knén og hló hátt.

„Þið gefið okkur þá að eta í vetur“ sagði Botts.

„Ekki eg,“ sagði Johnson.

„Eg sagði þið.“

„Ja, það kemur alt í sama stað niður, við getum það ekki,  
það verður ekkert rúm fyrir ykkur í húsinu. Eg fæ sjö tengda-  
mæður og eitt barn í heimanmund.“

Þeir Botts og Bannihan sátu þegjandi stundarkorn og  
störðu hvor á annan. Það var Botts sem rauf þögnina með  
þessum orðum: